


Orkufjarskipti hf.
Benedikt Haraldsson,
verkefnastjóri
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík



Reykjavík, 8. maí 2014
Tilvísun: UST20140400283/bs

Ljósleiðaralögn - Snjóalda - Hörðubreiðarháls - Búland - Kirkjubæjarklaustur. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkufjarskipta dags. 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Hér er um að ræða samstarfsverkefni Orkufjarskipta annars vegar og Neyðarlínunnar og Rarik hins vegar. Verkefninu er skipt upp í 3 verkhluta og munu Orkufjarskipti standa fyrir framkvæmdum á verkhlutum 1. og 3. sem er annars vegar kaflinn Snjóalda - Hörðubreiðarháls og hins vegar kaflinn Búland - Prestbakki - Símsstöð Kirkjubæjarklaustur. Umsögn Umhverfisstofnunar fjallar því um áfanga 1. og 3.


1. Kaflinn Snjóalda - Hörðubreiðarháls er 24 km. Á þessum kafla er liggur strengleiðin að mestu um sandauðnir. Sneitt verður hjá klapparholtum eins og kostur er til að draga úr jarðraski.


3. Kaflinn Búland - Prestbakki - Símsstöð Kirkjubæjarklaustri er 34 km. Um þessa lagnaleið segir í greinargerð: „Í heild sinni er lagnaleiðin frá Búlandi að Klaustri að mestum hluta gott plægingaland, en hún er að mestum hluta um gróið land og mýrar.“ Aðallega er þó plægt í vegi og slóða að undanskildum 6 km kafla.

Umhverfisstofnun telur að valdar hafi verið góðar lagnaleiðir m.t.t. umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Lagnaleiðirnar liggja ýmist um sandauðnir eða í slóðum og meðfram vegum. Þar sem farið verður um votlendi ætti að gæta varúðar og nota tæki á breiðum beltum til að draga úr jarðraski eins og kostur er.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða ljósleiðaralögn.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur